

Ed.

135. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslíð 8. gr. laganna komi nýr málslíður, er hljóði svo:

Sé gjaldþegn félag, samanber II., 1. málslíð 6. gr., og skal þá leggja á hann útsvar þar, sem hann á skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur hans eða framkvæmdastjóri kunna að eiga lögheimili, enda eigi gjaldþegn fasteignir á skrásetningarstað og reki þar atvinnu.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Þó skal skipting útsvara á milli sveitarfélaga, samanber 2. og 3. staflíð, eigi framkvæmd, ef bæði sveitarfélögin eru innan sömu sýslu.

G r e i n a r g e r ð.

Á síðasta Alþingi bar ég fram frv. til laga um breyting á útsvarslögunum, samanber 1. gr. þessa frv. Var frv. afgreitt frá Ed. með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem deildin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta þing endurskoða lagafyrirmælin um útsvarsskyldu og skiptingu útsvara og leggi frv. um það fyrir Alþingi, telur deildin ekki rétt að afgreiða nú frv. þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Fylgdi þessu frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1941 keyptu nýir hluthafar Fiskveiðahlutafélagið Hæng, sem átt hafði heima í Reykjavík um 25 ár. Fluttu hinir nýju hluthafar heimilisfang félagsins svo og botnvörpungsins Baldurs, sem þá var eign þess, til Bíldudals. Keypti félagið þar fasteignir, svo sem bryggjur, fiskreiti, fiskmjölsverksmiðju, lýsisbræðslustöð, fisk- og vörugeymsluhús og kolaport. Hafa eignir þessar allar verið starfráttar síðan í sambandi við útgerð félagsins. Fasteignir sínar í Reykjavík, svo sem fiskreiti, hús o. fl., seldi félagið á sama tíma og flutti jafnframt allan rekstur til Bíldudals. Lagði skip félagsins þar upp kol, lýsi og fiskúrgang og tók þar ís og vistir allan tímann, sem veitt var fyrir Vesturlandi, eða um 7 mánuði á ári. Formaður félagsstjórnarinnar, sem jafnframt var framkvæmdastjóri félagsins, var heimilisfastur í Reykjavík ásamt öðrum meðstjórnanda og öðrum endurskoðanda, en hinn meðstjórnandinn og endurskoðandi voru búsettir á Akranesi. Bókhald var að mestu fært í Reykjavík, og greiðslur fóru fram ýmist þar eða á Bíldudal. Ríkisskattar voru allir innheimtir af sýslumanni í Barðastrandarsýslu og framtöl jafnan send til skattayfirvaldanna þar. Útsvar hefur jafnan verið lagt á og greitt að fullu í Suðurfjarðahreppi og greitt þar, svo og striðsgróðaskattur, og hafa það verið megin-tekjur hreppsins frá 1941. Allan tímann hefur niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur einnig lagt fullt útsvar á félagið í Reykjavík, en það jafnan verið felld að fullu niður af ríkisskattanefnd þar til árið 1944, að nefndin úrskurðar, að full útsvarsupphæð skuli greidd í Reykjavík með tilliti til dóms hæstaréttar nr. 19/1943, um hliðstætt mál, þar sem félagi er gert skylt að greiða allt útsvar í þeirri sveit, sem yfirstjórn, fyrirsvar, bókhald og sjóðsmeðferð að miklu leyti er, því að telja verði þar heimasetu félagsins, alveg án tillits til fasteigna eða rekstrar á skrásetningarstað. Það er því bert, að brýna nauðsyn ber til þess að breyta svo ákvæðum 8. gr., að eigi verði villzt um það, hvar félag skuli greiða útsvar, og verður þá ekki gengið fram hjá því, að skrásetningarsveit eigi kröfu á öllu útsvari, ef félag rekur þar atvinnu og á þar fasteignir, nema skipting komi til greina samkvæmt öðrum fyrirmælum laganna.

Með því að fjárhagsafkoma Suðurfjarðahrepps er að fullu undir því komin á þessu ári, að frv. þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi, er þess vænt, að þingmenn sjái sér fært að fylgja því og flýta því, svo að það nái samþykkt, áður en þingi er slitið.“

Með því nú að enn hefur ekki komið fram neitt frv. frá ríkisstjórninni til nauðsynlegrar breytingar á þessum lögum, en hins vegar mjög aðkallandi að fá lögumum breytt nú þegar, er frv. þetta borið fram. Breyting sú, sem felst í 2. gr. frv., er gerð fyrir eindregna áskorun sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, og fylgir hér með erindi frá sýslumanni til stuðnings kröfunni.

Fylgiskjal.

SÝSLUMAÐURINN Í BARÐASTRANDARSÝSLU

Patreksfirði, 22. október 1945.

Á síðasta sýslufundi Vestur-Barðastrandarsýslu var samþykkt að beina þeim tilmælum til Alþingis, að það breyti útsvarslögum á þann veg, að ákvæðin um skiptingu útsvara milli sveitarfélaga skuli ekki ná til breppa innan sama sýslufélags.

Þetta tilkynnist hér með hinu háa Alþingi.

Í þessu sambandi leyfir undirritaður flutningsmaður tillögunnar sér að taka eftirfarandi fram: Þar sem stóratvinnurekstur er í litlum sveitarfélögum, verður hann alls ekki rekinn nema með því að fá vinnuafli úr nærliggjandi sveitarfélögum. Viðast hvar er svo fámennt orðið í sveitum, að ekki er hægt að leggja til menn til starfa annars staðar án þess að framkvæmdir heima fyrir dragist mjög saman, og minnkar þannig óeðlilega sá tekjustofn, sem útsvörin grundvallast á.

Jafnframt má benda á það, að þegar menn úr mörgum sveitarfélögum efna til atvinnurekstrar, sem á heimilisfang aðeins í einu þeirra, þá fær það óeðlilega mikinn hluta útsvaranna, þegar á það er litið, að mikill hluti stofnkostnaðar og vinnuafli er úr öðrum sveitarfélögum.

Tel ég æskilegast, að sveitarfélögin geti notið sem jafnast hags af þeirri atvinnu, sem þau öll standa að. Mun það efla samheldni og samhug. Núverandi ákvæði um skiptingu hafa víða vakið óánægju og ef til vill úlfúð, enda að ýmsra áliti óheppileg.

Jóhann Skaptason.

Til Alþingis.